

## REGLUGERÐ

### um breyting á reglugerð nr. 499/1997 um dýrahald í atvinnuskyni.

#### 1. gr.

Síðasta málsgrein þriðju greinar orðast svo:

Umsókninni skal fylgja samþykki viðkomandi heilbrigðisnefndar og álit viðkomandi héraðsdýralæknis. Einnig skulu fylgja upplýsingar um afstöðu nágranna hátti þannig til.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 15/1994, um dýravernd, öðlast þegar gildi.

*Umhverfisstjórnuneytinu, 28. nóvember 2001.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurður Á. Þráinsson.*

## AUGLÝSING

### um óverulegar breytingar á deiliskipulagi við Viðskiptaháskólann á Bifröst, Borgarbyggð.

Breytingar felast í að reitur undir skólabyggingar stækkar til norðausturs jafnframt því sem byggingarreitum fyrir nýja nemendagarða (Ásgarður, Miðgarður og Útgarður) norðan við kennsluhúsnæði er breytt og vegur sem að þeim liggur færður til og lengdur.

Ofangreindar breytingar hafa fengið meðferð samkvæmt grein 7.2.3 í skipulagsreglugerð nr. 400/1998. Skipulagsstofnun hefur yfirfarið breytingarnar samkvæmt lögum nr. 73/1997.

Ofangreint skipulag með áorðnum breytingum öðlast þegar gildi.

*Borgarnesi, 26. nóvember 2001.*

Bæjarverkfræðingur Borgarbyggðar,

**Sigurður P. Harðarson.**

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á aðalskipulagi Laugardalshrepps 2000-2012.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur umhverfisstjórnari þann 22. nóvember 2001 staðfest aðalskipulag Laugardalshrepps 2000-2012.

Uppdrættir og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Sveitarstjórn Laugardalshrepps hefur samþykkt aðalskipulagsáætlunina og Skipulagsstofnun afgreitt hana til staðfestingar.

Aðalskipulag þetta öðlast þegar gildi.

*Geysi, Biskupstungnahreppi, 22. nóvember 2001.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Ingimar Sigurðsson.*

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000 - 2012.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur umhverfisráðherra þann 22. nóvember 2001 staðfest aðalskipulag Biskupstungnahrepps 2000 - 2012.

Uppdrættir og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Sveitarstjórn Biskupstungnahrepps hefur samþykkt aðalskipulagsáætlunina og Skipulagsstofnun afgreitt hana til staðfestingar.

Aðalskipulag þetta öðlast þegar gildi.

*Geysi, Biskupstungnahreppi, 22. nóvember 2001.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Ingimar Sigurðsson.*

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 251/1995 um aðbúnað og sjúkdómavarnir á alifuglabúum og útungunarstöðvum.

#### 1. gr.

Við 1. gr. 1.1 bætast eftirfarandi skilgreiningar:

- Eldishópur:** Einn hópur jafngamalla alifugla sem er alinn í sama eldishúsi þar sem allir fuglar hafa aðgang að sama eldisrými.
- Sláturhópur:** Eldishópur eða hluti af eldishópi sem slátrað er á sama degi.
- Framleiðandi:** Fyrirtæki eða einstaklingur/einstaklingar sem elur alifugla á einum eða fleiri stöðum.
- Gerlafræðileg rannsókn:** Rannsóknaraðili og rannsóknaraðferðir skulu vera viðurkenndar af embætti yfirdýralæknis.